



## AÐALSKIPULAG HRUNAMANNAHREPPS 2016-2032

Afbreyningar- og ferðamannasvæði á Grafarbakka II

15.02.2019







## HRUNAMANNAHREPPUR

Aðalskipulag 2016-2032

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

## SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: \_\_\_\_\_ með athugasemdafresti til: \_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: \_\_\_\_\_ með athugasemdafresti til: \_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: \_\_\_\_\_

## SKIPULAGSLÝSING

HÖFUNDUR	DAGS.	VERKNR.
IS / ÁJ	13.5.'19	2775-016-01

## EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b>	<b>5</b>
<b>1.1</b>	<b>Skipulagsgögn</b>	<b>5</b>
<b>2</b>	<b>FORSENDUR</b>	<b>5</b>
<b>2.1</b>	<b>Tengsl við aðrar áætlanir</b>	<b>5</b>
2.1.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	5
2.1.2	Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032	6
2.1.3	Flokkun landbúnaðarlands	7
2.1.4	Deiliskipulag	7
<b>2.2</b>	<b>Minjar</b>	<b>8</b>
<b>3</b>	<b>BREYTING Á AÐALSKIPULAGI</b>	<b>8</b>
<b>4</b>	<b>UMHVERFISÁHRIF</b>	<b>8</b>
<b>4.1</b>	<b>Matsskylda</b>	<b>9</b>
<b>4.2</b>	<b>Vægi umhverfisáhrifa</b>	<b>9</b>
<b>4.3</b>	<b>Umhverfisþættir matsspurningar og viðmið</b>	<b>9</b>
4.3.1	Valkostir og samanburður	10
4.3.2	Niðurstaða	11
<b>5</b>	<b>MÁLSMÆÐFERÐ OG UMSAGNARAÐILAR</b>	<b>11</b>
<b>5.1</b>	<b>Skipulags og matslýsing</b>	<b>11</b>
<b>5.2</b>	<b>Umsagnaraðilar aðalskipulagsbreytingar</b>	<b>11</b>

## 1 INNGANGUR

Hrunamannahreppur vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 skv. 1. mgr. 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Landeigendur á Grafarbakka II (landnr. 208803) hafa óskað eftir því að norðurhluta landsins, um 2,6 ha, verði breytt úr landbúnaðarlandi í afþreyingar- og ferðamanna-svæði. Fyrirhugað er að vera með ýmis konar afþreyingu á svæðinu ásamt gistingu í gestahúsum og/eða tjaldsvæði.

### 1.1 Skipulagsgögn

Gerð verður breyting á greinargerð og sveitarfélagsupprætti.

## 2 FORSENDUR

Ferðaþjónustan hefur án efa skapað flest ný störf í sveitarfélaginu á undanförunum árum. Hafa nýir þjónustuaðilar bæst í hóp þeirra sem fyrir eru um nokkurt skeið. Töluverð uppbygging hefur átt sér stað í afþreyingar- og veitingaþjónustu. Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu ferðaþjónustu í dreifbýli sveitarfélagsins og í þéttbýlinu. Sveitarstjórn leggur áherslu á að unnið verði markvisst að skipulagi og uppbyggingu ferðaþjónustu í samvinnu við ferðaþjónustuaðila.

Lóðin Grafarbakki II spilda 1 liggur suðaustan Flúða. Aðkoma að henni er frá Hrunavegi nr. 344.

Forsenda fyrirhugaðrar breytingar er sú að landeigandi hefur hug á að reka ferðaþjónustu á norðurhluta lóðarinnar með ýmis konar afþreyingu fyrir ferðamenn ásamt gistingu, m.a. í gestahúsum og/eða tjaldsvæði.

Lóðin Grafarbakki II, spilda 1 er um 9.7 ha að stærð í heild sinni. Stærð norðurhluta lóðarinnar, þess svæðis sem breytingin nær til, er um 26.000 m<sup>2</sup>. Um er að ræða sléttlent ræktað land, skilgreint sem landbúnaðarland í gildandi aðalskipulagi. Að auki er það flokkað sem gott akuryrkjuland. Syðri hluti lóðarinnar tilheyrir skilgreindu frístundasvæði (F14).

Á vistgerðarkortum Náttúrufræðistofnunar er umrætt land skilgreint sem tún og akurlendi.

### 2.1 Tengsl við aðrar áætlanir

Við breytingu á aðalskipulaginu er horft til eftirfarandi áætlana:

#### 2.1.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Í Landsskipulagsstefnu eru settar fram eftirfarandi áherslur sem sveitarfélagið þarf að horfa til:

Kafli 2.2.1 Byggð falli að landslagi og náttúru

*„Skipulagsáætlanir sveitarfélaga marki stefnu um gæði og yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja í dreifbýli. Skipulagsákvæðanir um staðsetningu og hönnun nýrra mannvirkja í dreifbýli taki mið að*

*byggingarhefðum, landslagi og staðháttum. Um leið verði gætt að hagkvæmni varðandi samgöngur og veitur og að byggð gangi ekki að óþörfu á svæði sem eru verðmæt til landbúnaðar eða vegna náttúruverndar. [...]. Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðaflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum“.*

Kafli 2.3.1 Skipulag landbúnaðarlands.

*„Í aðalskipulagi byggist skipulagsákvörðanir um ráðstöfun lands í dreifbýli til landbúnaðar og annarrar nýtingar á flokkun landbúnaðarlands. Landi sem hentar vel til ræktunar verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti. Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðaflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum um landbúnaðarland“.*

Kafli 2.4.1 Ferðaþjónusta á grunni sérstöðu og umhverfisgæða.

*„Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda viðkomandi svæðis með tilliti til tækifæra í ferðaþjónustu. Skipulagsákvörðanir um ferðaþjónustu taki mið af náttúruverndarsjónarmiðum og kortlagningu á auðlindum ferðaþjónustunnar og miði jafnframt að því að ferðaþjónustuuppbygging nýtist jafnt íbúum á svæðinu og ferðamönnum“.*

### **Samræmi breytingarinnar við landsskipulagsstefnu**

Landið telst vera gott landbúnaðarland í flokki I og er breytingin ekki í samræmi við landsskipulagsstefnu hvað það varðar.

#### **2.1.2 Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032**

Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032 var staðfest í janúar 2018. Í aðalskipulaginu er svæðið, sem breytingin tekur til skilgreint sem landbúnaðarland.

Tillaga að breytingu aðalskipulags mun fá meðferð skv. 1. mgr. 36. gr. sem vísar til meðferðar skv. 30. – 32. gr. í skipulagslögum nr. 123/2010.

#### **Áherslur aðalskipulags fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði**

- *„Afþreyingarmöguleikum verði fjölgað til að skapa möguleika á því að ferðamenn dvelji lengur í sveitarfélaginu.*
- *Við skipulag ferðamannasvæða verði hugað sérstaklega að öryggi ferðamanna ásamt greiðum samgöngum og upplýsingum“.*

#### **Áherslur aðalskipulags fyrir landbúnaðarland**

- *„Svæði sem flokkast sem gott landbúnaðarland, (flokkur I og II) verði áfram nýtt til landbúnaðar, einkum matvælaframleiðslu.*
- *Landbúnaður verði eflur sem atvinnugrein og leitað leiða til uppbyggingar stoðgreina hans.*
- *Landbúnaðarland er flokkað með það að markmiði að vernda gott akuryrkjuland til matvælaframleiðslu til framtíðar.*

- *Byggingar, samfelld skógrækt o.fl. sem hamlar ræktunarmöguleikum er að jafnaði ekki heimil á góðu landbúnaðarlandi (flokki I og II) eða verndarsvæðum, en getur eftir atvikum verið í jaðri svæðanna eða þar sem sýnt er fram á að flokkun lands er önnur en gengið er út frá í aðalskipulagi“.*

### Samræmi breytingarinnar við gildandi aðalskipulag

Breytingin er í samræmi við stefnu í aðalskipulagi hvað varðar að verið er að fjölga afþreyingarmöguleikum til að ferðamenn dvelji lengur í sveitarfélaginu. Hins vegar er svæðið að stórum hluta á landbúnaðarlandi í flokki I þar sem byggingar o.fl. sem hamlar möguleika til ræktunar eru að jafnaði ekki heimilar. Flokkunin er gróf, var unnin í mælikvarðanum 1:50.000. Því koma ekki fram lítil afmörkuð svæði sem hugsanlega ættu heima í öðrum flokki. Flokkun landbúnaðarlands er ekki einhlít og því þarf að gæta varúðar og jafnræðis við ráðstöfun lands og komi fram áform um breytta landnýtingu skal það skoðað í hverju tilfelli fyrir sig.

#### 2.1.3 Flokkun landbúnaðarlands

Landbúnaðarland hefur verið flokkað í Hrunamannahreppi með það að markmiði að vernda gott landbúnaðarland fyrir matvælaframleiðslu til frambúðar. Megin markmiðin með vinnunni voru eftirfarandi:

- *„Viðurkennt verði að vernda beri gott ræktunarland eins og aðrar auðlindir þjóðarinnar.*
- *Tryggja sem best að góðu ræktunarlandi verði ekki spillt með óábyrgu skipulagi eða landnýtingu sem komið geti í veg fyrir mögulega ræktun.*
- *Tryggja sem best hnökralausa sambúð landbúnaðar, þéttbýlis og annarrar landnotkunar.*
- *Aðalskipulag sveitarfélagsins verði, eftir því sem hægt er, nýtt sem tæki til að tryggja ofangreind atriði“.*

Landbúnaðarlandi var skipt í fjóra flokka:

- Flokkur I – kjörlendi fyrir akuryrkju.
- Flokkur II – gott akuryrkjuland.
- Flokkur III – blandað ræktunarland.
- Flokkur IV – annað land.

Umrætt svæði er í flokki I, kjörlendi fyrir akuryrkju. Flokkunin er gróf, var unnin í mælikvarðanum 1:50.000. Því koma ekki fram lítil afmörkuð svæði sem hugsanlega ættu heima í öðrum flokki.

### Samræmi breytingarinnar við flokkun landbúnaðarlands

Breytingin samræmist ekki þeirri stefnu að vernda gott landbúnaðarland til matvælaframleiðslu til frambúðar. Til að hægt verði að byggja upp afþreyingu og aðstöðu fyrir ferðamenn verður sett kvöð um að hægt verði á auðveldan hátt að fjarlægja byggingar og áhrifin verði þannig afturkræf og spilli ekki góðu landbúnaðarlandi.

#### 2.1.4 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er til fyrir svæðið.

## 2.2 Minjar

Aðalskráning fornminja hefur farið fram í Hrunamannahreppi. Engar þekktar minjar eru innan þess svæðis sem breytingin nær til.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

## 3 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

### Breytingar á sveitarfélagsuppdrætti:

Bætt verður inn á uppdrátt nýju afþreyingar- og ferðamannasvæði AF16. Aðkoma er um núverandi aðkomuveg að frístundasvæðinu F14. Vegurinn liggur af Hrunavegi nr. 344.

### Breytingar á greinargerð:

Í töflu í kafla 2.2.3 er er bætt inn nýju svæði.

Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
AF16	Grafarbakki II	Svæði fyrir ýmis konar afþreyingu og tjaldsvæði/gestahús. Gisting í húsum fyrir allt að 30 manns. Mannvirki skulu vera þannig gerð að auðvelt sé að fjarlægja þau og færa landið til fyrra horfs. Stærð svæðis er 2,6 ha.	Grafarbakki II

## 4 UMHVERFISÁHRIF

Líkleg áhrif af stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar eru metin skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Markmið laganna er að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt stuðla að því að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða við áætlanagerð.

Umhverfismatinu er ætlað að:

- Upplýsa um möguleg umhverfisáhrif stefnunnar.
- Undirbyggja og rökstyðja ákvarðanatöku í skipulagsgerð.
- Aðstoða við val á milli skipulagskosta með samanburði á umhverfisáhrifum þeirra.

Í skipulagsgerðinni er umhverfismat áætlana jafnframt mikilvægt til að tryggja samræmi á milli stefnumiða í mismunandi málaflokkum skipulagsins og tryggja að umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins sé haldið á lofti. Niðurstaða umhverfismatsins nýtist til að bregðast við hugsanlega neikvæðum umhverfisáhrifum með breytingu á stefnu eða mótun á mótvægisáðgerðum. Umhverfismið byggir á fyrirbyggjandi upplýsingum um grunnástand umhverfis.



#### 4.1 Matsskylda

Í gr. 4.4 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 segir: „Geri aðalskipulagstillaga ráð fyrir framkvæmdum sem falla undir lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, skal gerð grein fyrir þeim í skipulagstillögunni.“

Breytingin fellur ekki undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þar sem ekki er mörkuð stefna um framkvæmdir sem tilgreindar eru í viðauka 1 í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

#### 4.2 Vægi umhverfisáhrifa

Í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana segir; „*Vægi umhverfisáhrifa fer almennt eftir eðli, gerð, umfangi, tíðni og tímalengd breytinganna sem eru fyrirséðar á umhverfinu.*“ Við mat á vægi áhrifa er litið til þess hvort áhrifin séu marktæk á svæðis-, lands-, eða heimsvísu og nái til fjölda fólks og þess hvort áhrifin séu óafturkræf og til langs tíma. Áhrifin geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg eða óviss.

**TAFLA 1.** Vægi áhrifa.

Skilgreining	Skýring
Jákvæð áhrif +	Áhrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti eru talin til bóta fyrir umhverfið eða bæta hag þorra íbúa og/eða gesta á beinan eða óbeinan hátt. Breytingin sem hlýst af framfylgd áætlunarinnar eru yfirleitt varanleg og geta verið staðbundin en er yfirleitt á svæðis-, lands-, eða heimsvísu. Áhrifin samræmast lögum og reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Engin eða óveruleg áhrif 0	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti eru engin eða minniháttar, með tilliti til umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum, ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. Áhrif eru oftast stað-, eða svæðisbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Neikvæð áhrif -	Áhrif af áætluninni eru talin skerða eða rýra gildi tiltekna umhverfisþátta/-þátta á beinan eða óbeinan hátt eða valda ónæði, óþægindum, heilsutjóni eða auknu raski fyrir íbúa og/eða gesti. Áhrifin geta verið varanleg og/eða óafturkræf, staðbundin eða á lands-/heimsvísu. Áhrifin geta að einhverju leiti stangast á við ákvæði laga, reglugerða, stefnumarkana stjórnvalda eða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.
Óviss áhrif ?	Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfisþætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknum eða markvissri vöktun. Þá geta áhrif verið háð útfærslu framkvæmdar.

#### 4.3 Umhverfisþættir matsspurningar og viðmið

Umhverfisþáttur er tiltekinn þáttur, s.s. gróðurfar, landslag eða félagslegir þættir, sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdum og aðgerðum sem leiðir af þeirri stefnu sem skoðuð er hverju sinni. Í matslýsingu voru tilteknir þeir umhverfisþættir sem líklegt væri að yrðu valdir til umfjöllunar í umhverfisskýrslu.

Áhrif af stefnu aðalskipulagsins á einstaka þætti umhverfisins eru metin og gefin einkunn, m.a. eftir því hvort þau eru talin jákvæð eða neikvæð. Forsendur við mat á umhverfisáhrifum byggja á tveimur meginþáttum sem eru:

- Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
- Greining á einkennum og vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti skv. fyrirliggjandi gögnum.

Við matið er horft til neðangreindra umhverfisþátta og leitast við að svara matsspurningum:

**TAFLA 2** Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSPURNING	VIÐMIÐ
Náttúra	Hefur skipulagið áhrif á gróður og dýralíf. Hefur skipulagið áhrif á jarðmyndanir og vistkerfi?	Lög um náttúruvernd nr.60/2013, áhersla á 61. gr. Landsskipulagsstefna 2015-2016.
Landnotkun	Hefur skipulagið áhrif á gott landbúnaðarland? Hefur skipulagið áhrif á notkun svæða til útivistar?	Stefna aðalskipulags. Landsskipulagsstefna
Ásýnd og landslag	Hefur skipulagið áhrif á ásýnd svæða? Hefur skipulagið áhrif á náttúrulegt landslag?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Landsskipulagsstefna 2015 – 2026.
Samfélag	Hefur skipulagið áhrif á atvinnulíf? Stuðlar skipulagið að styrkingu byggðar? Hefur skipulagið áhrif á tekjustofna sveitarfélagsins?	Stefna aðalskipulags. Landsskipulagsstefna 2015 – 2026.
Minjar og verndarsvæði	Hefur skipulagið áhrif á fornminjar? Hefur skipulagið áhrif á náttúru-minjar?	Stefna aðalskipulags. Lög nr. 80/2012 um menningarminjar Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Heilsa og öryggi	Hefur skipulagið áhrif á umferðaröryggi? Hefur skipulagið áhrif á hljóðvist/loftgæði? Er hætta á mengun af völdum breytinganna?	Stefna aðalskipulags. Landsskipulagsstefna 2015-2026. Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 m.s.br. Vegalög nr. 80/2007.

#### 4.3.1 Valkostir og samanburður

Bornir eru saman eftirfarandi valkostir:

- Breytt skipulag. Bætt verður inn nýju afþreyingar- og ferðamannasvæði AF16.
- Núll – kostur. Landnotkun verður áfram landbúnaðarland.

#### Samanburður

**Breytt skipulag:** Uppbygging afþreyingar- og ferðamannasvæðis hefur áhrif á gróður og vistkerfi. Hluti svæðisins fer undir mannvirki og ef útbúið verður tjaldsvæði er líklegt að tré verði gróðursett til skjól-myndunar. Þar sem gert er ráð fyrir að hægt verði að fjarlægja mannvirki og færa landið í fyrra horf þá eru áhrifin metin óveruleg á náttúru. Landbúnaðarland hefur verið flokkað í sveitarfélaginu. Samkvæmt flokkuninni er svæðið í flokki I sem er gott akuryrkjuland. Ræktað hefur verið grænmeti á svæðinu undanfarin ár. Breytingin hefur tímabundin neikvæð áhrif á landbúnaðarland og þar með landnotkun. Uppbygging breytir ásýnd svæðisins en þar sem svæðið er bæði nálægt frístundasvæði og þéttbýli þá

eru áhrif á ásýnd og landslag metin óveruleg. Breytingin hefur jákvæð áhrif á atvinnulíf og stuðlar að styrkingu byggðar og eflir tekjustofna sveitarfélagsins. Áhrif á samfélag eru jákvæð. Breytingin hefur engin áhrif á minjar eða verndarsvæði. Verði gengið frá fráveitu með fullnægjandi hætti, skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, á ekki að vera hætt á mengun vegna hennar. Áhrif á heilsu og öryggi eru metin óveruleg.

#### Núll kostur:

Engin áhrif á náttúru. Áhrif á landnotkun eru jákvæð því gott landbúnaðarland verður áfram nýtt sem slíkt. Áhrif á ásýnd og landslag, samfélag, minjar og verndarsvæði og heilsu og öryggi eru engin.

#### 4.3.2 Niðurstaða

BREYTINGAR						
	Náttúra	Land-notkun	Ásýnd, landslag	Samfélag	Minjar og verndarsvæði	Heilsa og öryggi
Breytt aðalskipulag	0	-	0	+	0	0
Núll kostur	0	+	0	0	0	0

Sveitarfélagið er hlynnt breytingu í afþreyingar- og ferðamannasvæði enda hefur hún jákvæð áhrif á samfélagið og er líkleg til að stuðla að nýjum atvinnutækifærum. Núverandi tjaldsvæði í sveitarfélaginu anna vart eftispurn auk þess sem meiri fjölbreytni fæst með nýju tjaldsvæði. Svæðið liggur að þéttbýlinu á Flúðum og núverandi frístundasvæði, F14. Því raskast samfella í góðu landbúnaðarlandi lítið. Þar sem svæðið er á landbúnaðarlandi í flokki I eru sett skilyrði um að auðvelt sé að fjarlægja mannvirki og færa landið aftur til fyrra horfs, gerist þess þörf. Með því móti er framkvæmdin afturkræf. Þá verður núverandi veltenging, að frístundasvæði nýtt fyrir starfsemina en sú tenging er nú þegar í aðalskipulagi.

## 5 MÁLSMEÐFERÐ OG UMSAGNARAÐILAR

### 5.1 Skipulags og matslýsing

Skipulags- og matslýsing vegna breytingarinnar var tekin fyrir í skipulagsnefnd þann 14.11.2018. Lýsingin var kynnt frá 19. desember 2018 til 9. janúar 2019.

### 5.2 Umsagnaraðilar aðalskipulagsbreytingar


Umsagnaraðilar við breytinguna eru m.a. eftirtaldir:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin




# HRUNAMANNAHREPPUR

## Aðalskipulag 2016-2032 - breyting á Grafarbakka II



Breyttur aðalskipulagsuppráttur í mkv. 1:50.000.



Gildandi aðalskipulagsuppráttur í mkv. 1:50.000.

### ATVINNA OG BYGGÐ

- F Fristundabyggð
- VP Verslun- og þjónusta
- L Landbúnaðarsvæði
- I Iðnaðarsvæði
- E Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- ÍP Íþróttasvæði

### SAMGÖNGUR OG VEITUR

- Stofnvegir
- Tengivegir
- Aðrir vegir
- Megin gönguleiðir
- Megin reiðleiðir
- Raflínur
- Hitaveita
- Vatnsveita
- Ljósleiðari

### TAKMARKANIR Á LANDNOTKUN

- HV Hverfisvernd
- VB Vatnsból
- Vatnsvernd grannsvæði
- Vatnsvernd fjarsvæði
- Friðlýstar fornminjar
- Fornminjar undir hverfisvernd

### TÁKN TIL SKÝRINGAR

- Þéttbýli
- Landamerki, óviss og ekki tæmandi
- Ræktað land
- Akuryrkjuland, flokkur I og II

### SKIPULAGSGÖGN

Gildandi aðalskipulagsuppráttur í mkv. 1:50.000.  
Breyttur aðalskipulagsuppráttur í mkv. 1:50.000.  
Greinargerð, forsendur og umhverfisskýrsla.

Aðalskipulagsbreyting þessi, sem auglýst hefur verið samkvæmt 36. gr. skipulags-  
laga nr. 123/2010 m.s.b., var samþykkt af sveitarstjórn Hrunamannahrepps \_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun \_\_\_\_\_

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: \_\_\_\_\_ með athugasemda-  
frestri til: \_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: \_\_\_\_\_ með athugasemdafrestri  
til: \_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnar-  
tíðinda: \_\_\_\_\_

## AÐALSKIPULAG HRUNAMANNAHREPPS

### Breyting á Grafarbakka II



Verk: 2775-016	Dags: 15.02.2019
Mkv. 1: 50.000 í A4	Breytt:
Unnið: IS	Rýnt: ÁJ

Samþykkt: **TILLAGA**